



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

10. nóvember 2021

Efni

Umsögn Samtaka ungra bænda um
mál nr. 184/2021, drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu.

Samtök ungra bænda lýsa yfir óánægju sinni með drög þessi þar sem að samtökin telja þörf á nánari skoðun og samráði sem hefur verið ábótavant í vinnu þessari. Það stangast á við markmið landgræðslulaga um að auka þátttöku almennings og hagsmunaaðila í stefnumótun og aðgerðum sem varða gróður- og jarðvegsvernd sem og endurheimt og uppbyggingu vistkerfa. Ónægt samráð endurspeglast í misjöfnum viðbrögðum þeirra sem eru hvað mikilvægastir í þátttöku aðgerða til að sett markmið náist. Það skal þó tekið fram að Samtök ungra bænda taka undir þau markmið landgræðslulaga sem reglugerðinni er ætlað að styðja við.

Samtök ungra bænda taka heilshugar undir umsögn Bændasamtaka Íslands í samráðsgátt þann 1. nóvember 2021 um málið.

Að mati samtakanna er mikilvægt að:

- Gögn sem reglugerðin eigi að byggja á liggi fyrir með fullnægjandi hætti áður en reglugerðin taki gildi s.s. vistgetukort.
- Frelsi til athafna sé ekki skert umfram það sem nauðsyn beri til.
- Tilgreint sé með skýrum hætti í hvaða tilfellum er um leiðbeinandi viðmið að ræða annars vegar og reglur með viðurlögum hins vegar.
- Reglugerðin taki betur til greina mismunandi aðstæður eftir landsvæðum, s.s. veðurfar, jarðveg o.s.frv.
- Löggjöf, eftirlit og eftirfylgni sé með ásættanlegum hætti, þ.e. ekki á hendi eins aðila eða stofnunar.
- Ljóst sé með hvaða hætti eigi að hafa eftirlit með viðmiðum, í hvaða tilfellum það sé skylt og hvernig það er fjármagnað sem og mælingar í þeim tilfellum sem þannig ber undir.

Samtök ungra bænda leggja eindregið til að reglugerðin verði ekki samþykkt í óbreyttri mynd. Hvetjum við til frekara samráðs við hagsmunaaðila, t.a.m. bændur, sveitarstjórnir og fjallskilanefndir.

Virðingarfyllst
Stjórn Samtaka ungra bænda